10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, .... kr. 1 445,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 364, 30. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1992.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 82

# REIKNINGUR

**Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1990.**

**Rekstraryfirlit 1. jan. – 31. des. 1990.**

| | Kr. |
|---|---|
| Tekjur: | |
| Árgjöld | 370 666 |
| Sölugjöld | 1 231 062 |
| Vaxtatekjur | 9 071 |
| Tekjur alls | 1 610 799 |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 105 830 |
| Rekstrargjöld | 17 000 |
| Vaxtagjöld | 260 418 |
| Afskriftir | 925 918 |
| Gjöld alls | 1 309 166 |
| Nettó-tekjur | 301 633 |

**Efnahagur 31. des. 1990.**

| | |
|---|---|
| Eignir: | |
| Innstæða í Seðlabanka | 500 245 |
| Vélbúnaður | 657 841 |
| Hugbúnaður | 1 177 378 |
| Inneign hjá þingaðilum | 406 297 |
| Eignir alls | 2 741 761 |
| Skuldir og eigið fé: | |
| Skuldabréfalán | 1 330 160 |
| Stofnframlög | 1 257 143 |
| Óráðstafað eigið fé | 154 458 |
| Skuldir og eigið fé alls | 2 741 761 |

*Áritun endurskoðenda:*

Ársreikning þennan fyrir Verðbréfaþing Íslands höfum við endurskoðað. Í því sambandi gerðum við þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag Verðbréfaþingsins í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík, 11. febrúar 1991.
Jóhanna Kristjánsdóttir. Gunnlaugur Arnórsson.

*Áritun stjórnar:*

Reykjavík, 11. febrúar 1991.
Eiríkur Guðnason. Vilborg Lofts.
Árni Vilhjálmsson. Gunnar Helgi Hálfdanarson.

Nr. 83

# REIKNINGUR

## Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1991.

**Rekstraryfirlit 1. jan. – 31. des. 1991.**

| | Kr. |
|---|---|
| Tekjur: | |
| Stofngjöld | 417 817 |
| Árgjöld þingaðila | 570 000 |
| Sölugjöld | 1 214 501 |
| Árgjöld v/skráðra bréfa | 807 707 |
| Leyfisgjöld v/hlutafjárútgáfu | 360 400 |
| Vaxtatekjur | 107 533 |
| Framlag frá Seðlabanka Íslands | 773 178 |
| Tekjur alls | 4 251 136 |